

Framlenging á rammamningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (Sjúkratryggingar), kt. 650309-0220 og sálfræðinga sem fengið hafa samþykki Sjúkratrygginga til að starfa samkvæmt samningi um sálfræðipjónustu, dags. 7. október 2022, sbr. síðari breytingar, er hér með framlengdur til og með 31. desember 2024.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ofangreindum samningi og gilda frá 1. janúar 2024.

3. mgr. 6. gr, samningsins orðist svo:

F32 Geðlæggðarlota	
F32.0	Væg geðlæggðarlota
F32.1	Miðlungs geðlæggðarlota
F32.9	Geðlæggðarlota ótilgrein
F33 Endurtekin geðlæggðarröskun	
F33.0	Endurtekin geðlæggðarröskun, yfirstandandi lota væg
F33.1	Endurtekin geðlæggðarröskun, yfirstandandi lota meðaldjúp
F33.9	Endurtekin geðlæggðarröskun ótilgreind
F40 Fælnikvíðaraskanir	
F40.1	Félagsfælni
F41 Aðrar kvíðaraskanir	
F41.0	Flemturröskun
F41.1	Almenn kvíðarröskun
F41.2	Blandin kvíða- og geðlæggðarröskun
F41.3	Aðrar blandnar kvíðaraskanir
F41.8	Aðrar tilgreindar kvíðaraskanir
F41.9	Kvíðarröskun ótilgreind
F43 Svörun við mikilli streitu og aðlögunarraskanir	
F43.0	Svörun við mikilli streitu og aðlögunarraskanir
F43.1	Streituröskun eftir áfall
F43.2	Aðlögunarraskanir
F45 Einkenni og teikn sem taka til geðræns ástands	
F45.2	Hugarangur
F45.8	Önnur einkenni og teikn sem taka til geðræns ástands
F53 Geð- og atferlissaskanir tengdar sængurlegu	
F53.0	Vægar geð- og atferlissaskanir tengdar sængurlegu, ekki flokkaðar annars staðar
Z03 Læknisfræðileg athugun og mat vegna gruns um sjúkdóma eða kvilla, útilokuð	
Z03.2	Athugun vegna gruns um geð- og atferlissaskanir

Eftirfarandi grein bætist við samninginn.

23. gr. Upplýsingakerfi

Sálfræðingur ber að nota stöðluð upplýsingakerfi vegna starfseminnar (þ.m.t. tímabókanir, reikningagerð og sjúkraskrá) sem byggir á stafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar og eftir því sem unnt er við notendur.

Stýrikerfi og hugbúnaður sem tengjast kerfum Sjúkratrygginga verða að vera uppfærð og í stuðningi frá framleiðanda. Tölvubúnaður sem notaður er til að tengjast kerfum Sjúkratrygginga verður að vera með öryggisvörnum sem uppfærðar eru með nýjustu viðbótum hverju sinni. Hugbúnaður sem notaður er til að þróa tengingar við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera uppfærður og í stuðningi frá framleiðanda. Miðlun gagna í samskiptum við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera dulrituð og taka mið af lágmarkskröfum sem gilda um slík samskipti hverju sinni. Nánari skilmálar eru í umsókn um aðgengi að kerfum Sjúkratrygginga.

Sálfræðingi ber að hýsa sjúkraskrárgögn sín í hýsingarumhverfi sem rekið er með stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Samningur við ytri hýsingaraðila skal vera skriflegur. Í samningi skal meðal annars kveðið á um öryggisafritun gagnanna og ákvæði sem gerir lækni kleift að færa gögn yfir til annars hýsingaraðila þannig að ekki verði rof á aðgengi að gögnunum. Sé hýsingarumhverfi rekið af starfsheild skal gera samning við hæfan aðila um öryggisafritun.

Að öðru leyti framlengist gildandi samningurinn óbreyttur til 31. desember 2024.

Reykjavík 23. janúar 2024

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti